



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. október 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (barnalífeyrir). (Þingskjal 12 — 12. mál.)

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (barnalífeyrir)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa að nýju fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir það.

Þar er lagt til að foreldrar barna sem misst hafa annað foreldri sitt, geti fengið greiddan kostnað frá Tryggingastofnun, vegna sérstakra útgjalda, svo sem vegna skírnar, fermingar, tannréttinga o.fl.

Samtökin styðja efni frumvarpsins og hvetja til þess að það verði samþykkt sem lög. Barnaheill taka undir þau sjónarmið sem í frumvarpinu koma að mikilvægt sé að tryggja að börnum sé ekki mismunað á grundvelli stöðu foreldra þeirra og vilja jafnframt leggja áherslu á skyldu ríkja samkvæmt 27. gr. Barnasáttmálans til að veita foreldrum aðstoð til að tryggja barni rétt þess til lágmarks lífsafkomu og án mismununar.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og vinna að bættum réttindum barna, þ. á m. vinna samtökin gegn mismunun barna á grundvelli efnahags foreldra og annarrar stöðu.